

Fundur skólaráðs 14.september 2015

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir og Sigurveig Öfundardóttir fulltrúar kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Herdís Gunnlaugsdóttir og Ingigerður Gísladóttir fulltrúar foreldra, Karín Óla Eiríksdóttir, Ólöf Rún Óladóttir fulltrúar nemenda. Guðbjörg M. Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Halldóra fór yfir hlutverk og skipan skólaráðs. Halldóra lagði til að fulltrúi grenndarsamfélagsins kæmi úr röðum foreldra þannig að þrír fulltrúar komi frá foreldrum. Mikilvægt að foreldrafélagið velji einnig varafulltrúa.
2. Starfsáætlun skólaráðs
Drög að starfsáætlun birtast í starfsáætlun. Þau drög voru samþykkt með eftirfarandi breytingum, sjá hér að neðan.
Sept – starfsáætlun
Jan – Kynning á stöðu þróunarverkefna
Nóv-innra matið
Fundirnir verða þá sex.
3. Upphaf skólastarfsins
 - a) Halldóra fór yfir leiðarljósin og lagði áherslu á að allir stefni í átt. Halldóra fór einnig yfir starfsmannalistann, nýtt fólk, aðrir að koma úr leyfi og enn aðrir með breytt viðfangsefni.
 - b) Mikil aukning er á Skólaseli og því hefur þurft að ráða fleira starfsfólk.
 - c) Halldóra fór yfir framkvæmdir sem unnar voru í sumar. Suðurhóp – ný netlögn, ný húsgögn fyrir nemendur og á ganga. Ásabraut ný húsgögn á ganga og í náttúrufræðistofu, útileiksvæði, bón, kaffivél, filmur á glugga í austurálm. Væntanleg er skömmtunarlína fyrir nemendamötuneyti í Hópsskóla.
 - d) Viðvera stjórnenda, Guðbjörg mán. 8:00 - 12:00 og Halldóra mán. 12:00 – 16:00 og miðvikudag 8:00 – 12:00.
 - e) Viðvera starfsmanna og ytri rammi stundatöflu nemenda. Í stundatöflugerð var lögð áhersla á samræmingu á hverju aldurstigi. Búið er að taka út eyður og setja inn verkefnatíma í staðin þannig hafa allir nemendur tækifæri til að sinna heimanámi í skólanum. Íþróttatímum var breytt og núna er kennt á elsta stigi í 60 mín. en nemendur eiga að velja hreyfingu sem valgrein til að fylla upp í tímamagn. Lestrarstundir voru færðar til og eru að morgni. Lögð var áhersla á að umsjónarkennari elsta stigs kenni eins mikið og hægt er í sínum bekk. Hljóðfærakennsla verður í framtíðinni í 4.bekk og þannig náum við samfellu í kennslu tónlistarskólans. (var áður 1.-3. og 5.bekkur). Tölvutímar fara inn í verkefnatíma þannig að nemendur læri á tölvur við vinnu verkefna.
Rætt var um að æskilegt væri að 1.bekkur byrjaði alltaf hjá umsjónarkennara líkt og er núna, en ekki í íþróttahúsi. Einnig var lagt til að skólinn setji sér reglur um göngu nemenda á milli íþróttamannvirkja og skóla ef vont veður er.
4. Halldóra fór yfir starfsáætlun 2015 – 2016. Hafragrauturinn er vinsæll og Halldóra þakkaði foreldrafélaginu fyrir framlag sitt. Karín Óla sagði frá námsmaraþoni sem var um síðustu helgi og heppnaðist vel. Foreldrar voru ánægðir með að árshátíð miðstigs hefur verið sett inn afur að vori. Foreldrar voru samt ánægðir með þemað en söknuðu árshátíðarinnar. Úrval

valgreina hefur aukist. Óskað er eftir að fram komi í starfsáætlun föst viðvera hjúkrunarfræðinga og ljóst sé hvenær þær eru á Ásabraut og hvenær í Hópsskóla.

5. Skóli og samfélag 2015 – 2017

Umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna Skólapúlsins á síðasta skólaári. Mikilvægt að koma fréttum af fundum skólaráðs á framfæri. Segja frá fundunum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna. Setja fréttir á heimasíðuna af fundunum. Fyrirspurn barst um nemendalista, suma nemendur er hægt að opna og sjá foreldra, símanúmer, heimilisföng o.fl. Við þurfum að biðja Gerði að skoða þetta.

6. Framvegis verða fundir 2.mánudag í þeim mánuði sem á að funda, kl. 16:30. Næsti fundur verður 12.október.